

FRÁSÖGN

af 11. fundi sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins
í Brussel 23. mars 2017.

11. fundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins fór fram í Evrópuþinginu í Brussel 23. mars sl. Af hálfu Alþingis sóttu fundinn Hanna Katrín Friðriksson, formaður, Bryndís Haraldsdóttir, Jóna Sólveig Elínardóttir, Oddný G. Harðardóttir, Rósa Björk Brynjólfssdóttir, Smári McCarthy, Svandís Svavarsdóttir og Vilhjálmur Bjarnason. Fyrir hönd Evrópuþingsins sátu fundinn þingmennirnir Jasenko Selimovic, varaformaður, Tibor Szanyi, Paul Rübig, Julia Pitera og Daniel Dalton.

Fundinum stýrðu Hanna Katrín Friðriksson og Jasenko Selimovic. Helstu dagskrármál voru samskipti Íslands og ESB, fjármála- og efnahagshorfur á Íslandi og í ESB, þvingunaraðgerðir gegn Rússlandi, fyrirhuguð úrganga Bretlands úr Evrópusambandinu og fríverslunarviðræður við þriðju ríki. Í upphafsávarpi sínu lagði Hanna Katrín áherslu á mikilvægi samstarfsvettvangs sameiginlegrar þingmannanefndarinnar. Þá vakti hún athygli á hinni miklu endurnýjun sem varð á Alþingi í kosningunum 29. október sl. sem endurspeglast í því að einungis einn íslenskur þingmaður úr hópi viðstaddra, Vilhjálmur Bjarnason, hefur áður sótt fundi nefndarinnar.

Fyrsti dagskrárliður fundarins fjallaði að venju um samskipti Íslands og ESB og hófst með ávörpum íslenskra stjórnvalda, fulltrúa Möltu sem gegnir formennsku í ráði ESB og fulltrúa stofnana ESB. Bergdís Ellertsdóttir sendiherra lagði áherslu á nán samskipti Íslands og ESB og undirstrikaði mikilvægi EES-samningsins. Þá benti hún á þá miklu viðskiptahagsmuni sem Ísland á undir vegna fyrirhugaðrar úrgöngu Bretlands úr ESB og mikilvægi þess að sú lausn sem fundin verður fyrir ríkisborgara ESB gildi einnig fyrir íslenska ríkisborgara. Rylan Patissier, fulltrúi Möltu, minntist á líkindi Möltu og Íslands sem fámennra eyja í Evrópu og ítrekaði þá góðu samvinnu sem Ísland og ESB hafa átt, m.a. í tengslum við rannsóknir, nýsköpun og nýtingu á jarðvarma. Þá kom fram í máli Claude Maerten, fulltrúa utanríkisþjónustu ESB, að Ísland er samkvæmt mælingu Eftirlitsstofnunar EFTA enn með mestan innleiðingarhalla allra ríkja EES. Maerten ítrekaði að EES-samningurinn væri þungamiðjan í samvinnu Íslands og ESB. Þá væri jákvætt að gjaldeyrishöftunum hefði verið aflétt og að búið væri að afnema tolla á tæplega 90% þeirra landbúnaðarvara sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum ESB. Maerten lýsti jafnframt yfir mikilvægi þess að Ísland gerðist aðili að makrílsamningi ESB, Noregs og Færeyja. Í kjölfarið lýstu þingmenn Íslands stefnu sinna flokka í Evrópumálum.

Talsverðar umræður sköpuðust um þróun fjár- og efnahagsmála. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar sagði stöðu mála á Íslandi jákvæða og minntist sérstaklega á afnám hafta í því sambandi. Hann varaði þó við möguleikanum á ofhitnun fjármálakerfisins, sérstaklega m.t.t. hækkunar húsnæðisverðs. Í framsögu sinni greindi Vilhjálmur Bjarnason frá því að sá mikli hagvöxtur sem mældist nú á Íslandi byggðist á sterkum stöðum. Gjalderyrtektjur af ferðaþjónustu séu langt umfram aðrar hefðbundnar greinar og verðbólga lág. Þá hafi matsfyrirtæki hækkað mat á greiðslugetu Íslands. Smári McCarthy sagði varhugavert að stór hvati erlendra fjárfestinga á Íslandi væri hár vaxtamunur og lífeyrissjóðskerfið væri of stórt. Rósa Björk Brynjólfssdóttir sagði mikilvægt að Ísland tæki varfærin skref og að halda bæri til haga þeim ytri þáttum sem stuðla að hagvextinum, svo sem makrílgengd og uppvexti ferðaþjónustu. Svandís Svavarsdóttir tók undir með Rósu Björk og sagði mikilvægt að halda til haga að sá mikli vöxtur sem verið hefur í ferðaþjónustu hefði aukið verulega álag á íslenska náttúru. Náttúruvernd og ferðaþjónusta þyrfti að haldast í hendur. Daniel Dalton sagði aðáunartvert hve hratt landið hefði verið reist við og velti upp þeirri spurningu hvort vera Íslands utan ESB og íslenska krónan hefði stuðlað að hraðari efnahagsbata. Oddný G. Harðardóttir svaraði því til að sem fjármálaráðherra á árunum eftir hrun gæti hún vottað um að aðgerðir þeirrar ríkisstjórnar hefðu skipt sköpum. Þó mætti ekki líta fram

hjá því að heppni hefði spilað stórt hlutverk við endurreisn þjóðarbúsins. Mætti þar nefna makrflveiðar, lágt olíuverð og fjölda ferðamanna.

Í umræðu um fiskveiðar fór Jacques Verborgh, fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar, yfir helstu fiskveiðisamninga sem ESB hefur gert síðustu ár. Svandís Svavarsdóttir hélt í framsögu sinni á lofti mikilvægi sjálfbærnessjónarmiða. Nauðsynlegt væri að ná samkomulagi um fiskveiðar. Aukinn hagnaður í greininni gæti ekki verið á kostnað ofveiði heldur yrði að stafa af tækniframförum, vöruþróun og markaðssetningu. Þá hafi áhrif af hlýnun jarðar á súrnun sjávar ekki fengið nægilega mikla athygli í rannsóknum. Bryndís Haraldsdóttir tók undir orð Svandísar varðandi súrnun sjávar og benti á samstarf Íslands og ESB á sviði rannsókna og nýsköpunar þar sem sérstaklega er horft til áhrifa loftslagsbreytinga á hafið.

Undir dagskrárliðnum um framtíðaráskoranir innri markaðarins var fyrirhuguð úrganga Bretlands úr ESB í brennidepli. Jasenko Selimovic benti á að Bretland væri enn aðili að ESB og ekki væri búið að virkja 50. gr. Lissabonsáttmálans. Því væri ómögulegt að ræða nánar einstaka atriði tengd fyrirhugaðri úrgöngu. Hann væri eftir sem áður talsmaður þess að hugað yrði að hagsmunum EES-ríkjanna í fyrirhuguðum samningaviðræðum. Hanna Katrín fór í framsögu sinni yfir þau umtalsverðu efnahagslegu áhrif sem Brexit gæti haft á Ísland. Í fyrirhuguðum samningaviðræðum væri mikilvægt að réttindi ríkisborgara Íslands sem búsettir eru í Bretlandi yrðu þau sömu og borgara ESB.

Í umfjöllun um þvingunaraðgerðir ESB gegn Rússlandi fór Petteri Vuorimäki, fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar, yfir stöðu mála. Þá upplýsti Tibor Szanyi um ályktun Evrópuþingsins frá 16. mars sl. um úkraínska fanga í Rússlandi og stöðuna á Krímskaga. Þar kom fram að ESB viðurkenndi ekki innlimun Rússlands á Krímskaga og voru rússnesk stjórnvöld hvött til að láta lausa þá úkraínsku ríkisborgara sem eru ólöglega í haldi yfirvalda. Rússar voru auk þess beðnar um að veita stofnunum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE), Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna tafarlaust aðgang að Krímskaga. Í framsögu Smára McCarthy sagði hann aðgerðirnar ekki skila nægjanlegum árangri. Nauðsynlegt væri að tryggja að Rússland gæti ekki með krókaleiðum komist hjá aðgerðunum. Gagnaðgerðir Rússa hefðu haft talsverð áhrif á íslensk fyrirtæki og samstaða þeirra ríkja sem standa að aðgerðunum væri sérstaklega mikilvæg.

Fjallað var um utanríkismál á Norður-Atlantshafssvæðinu. Fulltrúi utanríkisþjónustu ESB sagði að óvissa væri ríkjandi um stöðu fríverslunarviðræðna ESB og Bandaríkjanna (e. Transatlantic Trade and Investment Partnership, TTIP), sérstaklega í ljósi nýyfiristaðinna forsetakosninga í Bandaríkjunum. Í framsögu Rósu Bjarkar Brynjólfssdóttur minntist hún á mikilvægi samvinnu á Norður-Atlantshafssvæðinu, bæði í sögulegu og menningarlegu samhengi. Vaxandi einangrunarhyggja og þjóðernishyggja í stjórnámum beggja vegna Atlantshafsins væri áhyggjuefni. Þá væri sú áhersla varhugaverð sem Bandaríkjaforseti hefur talað fyrir innan Atlantshafsbandalagsins (NATO) um að NATO-ríkin þyrftu að auka framlög sín og nauðsynlegt að hlúa að lýðræðislegum og pólitískum stöðugleika í Evrópu. Talsverðar umræður sköpuðust um dagskrárliðinn þar sem Jóna Sólveig Elínardóttir ítrekaði að hlutverk ESB sem friðarbandalags hefði sjaldan verið eins mikilvægt.

Loks var rætt um utanríkismál gagnvart þriðju ríkjum þar sem Stephanie Vadde og Maurizio Cellini, fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar, fóru yfir stöðu mála í helstu fríverslunarviðræðum ESB. Jóna Sólveig Elínardóttir var framsögumaður og lagði áherslu á að ESB væri mikilvægasti viðskiptaaðili Íslands og að EES-samningurinn væri því mikilvægasti fríverslunarsamningurinn. Af 40 fríverslunarsamningum sem Ísland er aðili að hafa 38 verið gerðir að undirlagi EFTA-samstarfsins. Þá hefur Ísland gert tvo tvíhliða fríverslunarsamninga, við Kína og Færeyjar, en frekari slíkir samningar eru ekki í farvatninu.

Í lok fundar var fjallað um starfsreglur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og ESB, þar sem ESB lagði til að fundum sameiginlegrar þingmannanefndarinnar yrði fækkað og haldinn yrði einn fundur á ári framvegis.

12. fundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins er ráðgerður í Reykjavík vorið 2018.